

Fimmtudaginn 27. maí 1993.

Nr. 30/1993. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)
gegn

Unnari Sigurði Hansen

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Þjófnaður. Hegningarauki.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. janúar 1993 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu, að því er hann varðar. Aðrir þeir, er sakfelldir voru fyrir héraðsdómi, hafa ekki óskað áfrýjunar.

Í samræmi við heimild í 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála er málið einvörðungu borið undir Hæstarétt, að því er tekur til ákvörðunar viðurlaga.

Í ákæru er réttilega á því byggt, að verknaður ákærða samkvæmt 3. lið I. kafla og 1. og 2. lið III. kafla hennar feli í sér tilraun til þjófnaðar og varði þannig við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Við heimfærslu til refsíákvæða í hinum áfrýjaða dómi er ekki sérstaklega vísað til 20. gr. laganna. Umrædd skilgreining verknaðarins hefur ekki áhrif á refsingu á hendur ákærða, enda voru tilraunirnar þáttur í viðtækari aðgerðum, sem ákærði stóð að ásamt félögum sínum.

Ákærði afplánar um þessar mundir samtals 15 mánaða refsivist samkvæmt tveimur dómum sakadóms Reykjavíkur frá 23. desember 1991 og 12. febrúar 1992. Telst refsing vegna brota hans samkvæmt I. kafla ákæru hegningarauki við síðari dóminn, en refsing vegna allra brotanna verður hegningarauki við refsingu samkvæmt dóm-sátt frá 28. apríl 1992 fyrir sama dómstóli vegna brots á umferðarlögum. Er á þessu byggt í hinum áfrýjaða dómi, sbr. tilvísun til 78. gr. almennra hegningarlaga.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er varðar ákærða, Unnar Sigurð Hansen.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmaris Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 1. október 1992.

Ár 1992, fimmtudaginn 1. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 46/1992: Ákærvaldið gegn A, B, C, D, Unnari Sigurði Hansen og E, sem tekið var til dóms 29. f. m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. ágúst sl., á hendur ákærðu, A, B, C, D, Unnari Sigurði Hansen, Öldugranda 7, fæddum 17. september 1966, fæðingarnúmer 465, og E.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir eftirgreinda þjófnaði, framda í febrúar og mars 1992, nema annars sé getið:

I.

Ákærðu A, D og Unnari Sigurði er gefið að sök að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 11. febrúar brotist inn og stolið eða reynt að stela fjármunum á eftirgreindum stöðum í Reykjavík:

1. Í verslunina 11/11, Grensásvegi 46, og stolið einni vindlingalengju og um 1700 krónum. (RLR, mál nr. 571/92.)

2. Í verslunina Veiðihúsið, Nóatúni 17, og stolið fimm haglabýssum og riffli. (RLR, mál nr. 540/92.)

3. Í húsnæði fyrirtækjanna Gjaldskila og Þ. Þorgrímssonar, Ármúla 29, reynt þar að brjóta peningaskáp. (RLR, mál nr. 533/92.)

4. Í húsnæði fyrirtækisins E. T. hf., Klettagörðum 11, brotið þar upp peningaskáp og stolið fjórum áfengisflöskum og tveimur pennum. (RLR, mál nr. 532/92.)

II.

Ákærðu C, Unnari Sigurði og E er gefið að sök að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 17. mars brotist í félagi inn í húsnæði Bifreiðastöðvar Íslands, Vatnsmýrarvegi 10, Reykjavík, brotið þar upp hirslur og skorið upp póstpoka og kassa í bögglageymslu og í pósthúsi og stolið sjónvarpi,

um 20.000 krónum í reiðufé og áfengi, bjór og tóbaki, að verðmæti samtals 119.969 kr. (RLR, mál nr. 936/92.)

III.

Ákærðu D og Unnari Sigurði er gefið að sök að hafa brotist inn á eftirgreindum stöðum aðfaranótt þriðjudagsins 17. mars, nema annarrar dagsetningar sé getið, og stolið og reynt að stela fjármunum:

1. Í verslunina við Landvegamót í Holtahreppi, Rangárvallasýslu, unnið þar spjöll, en horfið af vettvangi, eftir að hafa leitað þar að reiðufé. (RLR, mál nr. 1225/92.)

2. Í veitingahúsið Dugguna, Hafnarskeiði, Þorlákshöfn, en horfið af vettvangi, er þjófavarnarkerfi hússins fór í gang. (RLR, mál nr. 1221/92.)

3. Í heilsugæslustöðina við Selvogsbraut í Þorlákshöfn, unnið þar spjöll við leit að fjármunum og stolið 28.000 krónum. (RLR, mál nr. 1217/92.)

4. Í verslunina Radiórás, Gagnheiði 40, Selfossi, og stolið myndbands-tæki, tveimur myndbandsupptökuvélum og um 6.000 krónum. (RLR, mál nr. 1219/92.)

5. Í húsnæði bifreiðaverkstæðis Kaupfélags Rangæinga á Hvolsvelli og stolið 47.600 krónum. (RLR, mál nr. 1216/92.)

6. Í Söluskálann Björk á Hvolsvelli og stolið 31.000 krónum. (RLR, mál nr. 1215/92.)

7. Í veitingastaðinn Laufafell á Hellu og stolið 10 vindlingalengjum og allt að 40.000 krónum. (RLR, mál nr. 1214/92.)

8. Aðfaranótt þriðjudagsins 10. mars í húsnæði fyrirtækjanna Keilulands hf., Veislukokksins og Tónlistarskólans í Garðabæ, Smiðsbúð 4, Garðakaupstað, og stolið þar símtæki og um 60.000 krónum. (RLR, mál nr. 933/92.)

IV.

Ákærðu B, D og Unnari Sigurði er gefið að sök að hafa aðfaranótt sunnudagsins 22. mars brotist inn á eftirgreindum stöðum í Reykjavík og stolið fjármunum:

1. Í Bergiðjuna, Víðihlíð við Vatnagarða, og stolið þar peningaskáp, sem hafði meðal annars að geyma um 70.000 krónur í reiðufé og tékka, að fjárhæð um 20.000 kr. (RLR, mál nr. 1071/92.)

2. Í húsnæði nokkurra fyrirtækja að Hallveigarstíg 1, unnið þar spjöll við leit að fjármunum og stolið 4.200 kr. í hárgreiðslustofunni Permu, 200 krónum hjá Félagi málmiðnaðarmanna, um 74.000 krónum í tékkum og reiðufé hjá ferðaskrifstofunni Útivist og 7.500 krónum í versluninni Smáfólki. (RLR, mál nr. 1069/92.)

Ákærða Unnari Sigurði er einum gefið að sök að hafa aðfaranótt sunnudagsins 15. mars brotist inn í húsið nr. 15. við Ánanaust í Reykjavík og stolið þar 5.000 krónum á skrifstofum Stjórnunarfélags Íslands og 10.000 krónum á skrifstofum fyrirtækisins Bernharðs Petersen. (RLR, mál nr. 989/92.)

VI.

[...]

Telst framangreind háttsemi ákærðu varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og háttsemin samkvæmt ákæruliðum 1.3, III. 1 og III. 2 jafnframt við 20. gr. sömu laga.

— — —

Niðurstöður.

Með játningu ákærðu A, D og Unnars Sigurðar, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að þeir hafa staðið í félagi að þeirri háttsemi, sem gerð er grein fyrir í I. kafla ákæru, og varðar það við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu C, Unnar Sigurður og E hafa allir játað að hafa verið við húsnaði Bifreiðastöðvar Íslands við Vatnsmýrarveg aðfaranótt 11. mars sl., en ekki 17. mars, eins og í ákæru kemur fram. Er ljóst af gögnum málsins, að dagsetningin í ákæru er röng og að umrætt innbrot var framið aðfaranótt 11. mars sl.

Fyrir liggur skýlaus játning ákærða Unnars Sigurðar, að hann hafi staðið að innbrotinu og þjófnaðinum á því, sem upp er talið í ákæru. Heldur hann því fram, að hinir hafi verið fullir þátttakendur í innbrotinu, og sé framburður þeirra um hið gagnstæða rangur.

— — —

Með játningu ákærðu D og Unnars Sigurðar, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að þeir hafa framið þá innbrotspjófnaði, sem þeim eru gefnir að sök í III. kafla ákæru. Rétt þykir að miða við, að stolið hafi verið um 30.000 krónum samkvæmt 8. lið þessa kafla, en því heldur ákærði D fram. Þykir rétt að miða við þessa fjárhæð, þar sem ákærði Unnar Sigurður, sem telur mögulegt, að um hafi verið að ræða um 60.000 krónur, taldi ekki peningana. Þessi brot ákærðu varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Eins og fram er komið, hefur verið fallið frá ákæru á hendur ákærða B vegna 1. tl. IV. kafla ákæru. Með þeirri athugasemd er sannað með játningu ákærðu B, D og Unnars Sigurðar, en þær eru í samræmi við annað, sem fram er komið, að þeir hafa gerst sekir um það, sem þeim er gefið að sök í þessum kafla ákæru og þar er rétt fært til refsíákvæðis.

Þá er sannað með játningu ákærða Unnars Sigurðar vegna V. kafla ákæru, D vegna VI. kafla og ákærða C vegna VII. kafla ákæru og vegna annars, sem fram er komið, að ákærðu hafa gerst sekir um það, sem þeim er gefið að sök í þessum köflum, og eru brotin rétt færð til refsíákvæða í ákæru.

— — —

Samkvæmt 1. tl. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skiptir röng dagsetning í II. kafla og röng staðsetning samkvæmt VIII. kafla ákæru engu um sakfellingu í máli þessu vegna þeirra brota, sem þessir kaflar fjalla um.

— — —

Ákærði Unnar Sigurður hlaut á árinu 1984 skilorðsbundna ákærufrestun í tvö ár fyrir brot á 244. gr. almennra hegningarlaga. Þá hlaut hann 30 daga fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, 31. janúar 1985 fyrir brot á 254. gr. almennra hegningarlaga. Frá 5. júní 1985 og fram til 12. febrúar sl., þegar ákærði hlaut þriggja mánaða fangelsisdóm fyrir þjófnað, hefur ákærði verið dæmdur til fangelsisvistar tólf sinnum og samanlögð refsing numið 46 mánaða og 10 daga fangelsi. Oftast hefur ákærði hlotið dóma fyrir þjófnaði og þjófnaðartilraunir, en einnig fyrir skjalafals, húsbrot, gripdeild, fjársvik, spellvirki og nytjastuldi. Þá hefur ákærði tvívegis verið dæmdur til sektargreiðslu fyrir umferðarlagabrot og einu sinni fyrir tékkalagabrot. Enn fremur hefur ákærði einu sinni gengist undir sektargreiðslu með dómsátt fyrir umferðarlagabrot, einu sinni fyrir áfengislagabrot og þrívægis fyrir brot á lögum og reglugerð um ávana- og fíkniefni.

— — —

Refsing ákærða Unnars Sigurðar verður ákvörðuð með hliðsjón af 72. gr., 77. gr., 78. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga, en ákærði er síbrotamaður. Með hliðsjón af þessu öllu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði.

— — —

Gæsluvarðhald ákærðu.

Ákærðu B, D, Unnar Sigurður og E sættu gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins, ákærði B í þrjá daga, ákærðu D og Unnar Sigurður hvor um sig í tólf daga og ákærði E í sjö daga.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt, að framangreint gæsluvarðhald þriggja fyrstnefndu ákærðu komi refsingu þeirra til frádráttar, og komi refsivist ákærða E til framkvæmda, skal frá henni draga áðurgreint sjö daga gæsluvarðhald hans.

— — —

— — —

Ákærði Unnar Sigurður Hansen sæti fangelsi í fimmtán mánuði.

— — —

Frá refsivist ákærðu D og Unnars Sigurðar skal draga tólf daga gæsluvarðhald þeirra hvors um sig.

— — —

Ákærðu C, D, Unnar Sigurður og E greiði saksóknarlaun til ríkissjóðs, ákærðu C og Unnar Sigurður hvor um sig 15.000 krónur og ákærðu D og E hvor um sig 5000 krónur.

Ákærði C greiði skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, 55.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun, ákærðu D og Unnar Sigurður greiði óskipt skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 60.000 krónur í málsvarnarlaun, og ákærði E greiði skipuðum verjanda sínum, Guðmundi Þórðarsyni héraðsdómslögmanni, 40.000 krónur í málsvarnarlaun.

Annan sakarkostnað greiði ákærðu D og Unnar Sigurður hvor um sig að 1/3 hluta, en 1/3 hluta hans skulu aðrir ákærðu greiða óskipt.
